

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. desember sl. var lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 402. mál – Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var svohljóðandi:

*Sveitarstjórn minnir á að allar hugmyndir Alþingis sem valdið geta kostnaðarauka á sveitarstjórnarstiginu ber að kostnaðarmeta og greiða sveitarfélögum í framhaldinu þann kostnað sem af slíkum tillögum hlýst. Það er íjóst að með því að öllum börnum verði veittar gjaldfrjálsar skólamáltíðir myndast þó nokkur kostnaður hjá sveitarfélögum sem flest hver í dag innheimta gjald fyrir máltíðir sem stendur því sem næst undir hráefniskostnaði. Allur annar kostnaður við máltíðir skólabarna fellur á sveitarfélögin og íbúa og er þar um verulega niðurgreiðslu að ræða. Svo dæmi sé tekið greiða börn í Flúðaskóla kr. 440,- fyrir hádegisverð sem samanstendur af heitum rétti, íjölbreyttu meðlæti og salatbar. Sé algengt verð á matvælum skoðað kemur til dæmis í íjós að ein lítil dós af Örnunni skyri með jarðarberjum kostar kr. 338,- í lágvöruverðsversluninni Krónunni. Því verður seint hægt að halda því fram að verð á skólamáltíðum allavega hér í Hrunamannahreppi sé íþyngjandi fyrir íjölkyldur. Rétt er að minna aftur á að verði tillaga sem þessi að veruleika yrði ríkisstjórn að borga sveitarfélögunum þann kostnað sem felst í hráefni matarins hið minnsta og mætti í því tilliti spyrja sig hvort að slík ráðstöfun íjár án tillits til efnahags foreldra og forráðamanna þeirra sem njóta myndu slíkra niðurgreiðslu sé skynsamleg nýting íjarmuna ríkissjóðs sem okkur vitanlega er rekinn í dag með umtalsverðum halla.*

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Aldís Hafsteinsdóttir

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps.